

## Mat á umhverfisáhrifum kalkþörungasetis í Arnarfirði

9. október 2002

**Efni fundar:** Endurnýjunarhraði kalkþörungum

Fundinn sátu: Kjartan Thors frá Jarðfræðistofu Kjartans Thors ehf.  
Rúnar D. Bjarnason frá Hönnun hf.  
Karl Gunnarsson frá Hafrannsóknastofnuninni

Tilgangur fundarins var að reyna að komast að því á hvern hátt væri best að fjalla um endurnýjun kalkþörungum í matsskýrslu. Tílefnið var einkum umsögn frá Hafró varðandi tillögu að matsáætlun. Þar kom m.a. fram að í mati á umhverfisáhrifum þyrfti að meta endurnýjun kalkþörungum.

Á fundinum spurði Kjartan af hverju þyrfti að meta endurnýjunarhraða kalkþörungum frekar en annars lífríkis í sjónum.

Karl sagði að kalkþörungum væru sérstakir að því leyti að þeir endurnýjast mjög hægt og menn hafa almennt áhyggjur af því að verið sé að ganga á stofninn af þeim orsökum. Karl talaði um að kalkþörungum væru á lista sem OSPAR hefur gert yfir viðkvæm búsvæði sem eru í hættu eða eru á undanhaldi og vert væri að vernda. Eins væru þeir á lista í viðauka 5 í “EU species and habitat directive” sem viðkvæmt búsvæði.

Karl talaði um að þar sem efsta lag kalkþörungasetisins er lifandi ber að umgangast auðlindina sem slíka. Í umsögn við tillögu að matsáætlun var það því haft að leiðarljósi en í ljósi þess að takmörkuðu svæði yrði raskað var talið ásættanlegt að leggja fram úttekt úr fyrirliggjandi gögnum um endurnýjunarhraða kalkþörungum.

Kjartan benti á að efnistaka skildi eftir djúpar gryfjur á kalkþörungasvæðunum og erfitt gæti verið að meta fyrirfram landnám lífvera á botni gryfjanna. Vegna aukins dýpis væri ekki unnt að áætla sama vaxtarhraða kalkþörungum þar og utan gryfjanna. Auk þess kæmi til að í gryfjunum myndi fínt set safnast fyrir vegna minni straumhraða en utan þeirra. Líkur væru því á að set sem safnaðist í gryfjunar yrði talsvert frábrugðið kalkþörungasetinu í kring.

Menn voru sammála um að ef vaxtarhraði kalkþörungum væri mjög lítill, skipti hann litlu máli varðandi endurnýjun kalkþörungasetisins.

Karl sagði að hann hefði sjálfur takmarkaða þekkingu á þessum hópi lífvera. Hann hefði ekki vitneskju um vaxtarhraða þeirra þó hann grunaði að hann væri lítill. Karl hvatti til að leitað yrði upplýsinga um vöxtinn betur en þegar hefur verið gert.

Niðurstaða fundarins var eftirfarandi:

- 1) Nám kalkþörungasetis í Arnarfirði er námugröftur og mun spilla þunnu yfirborðslagi kalkþörungum á efnistökuástandi.
- 2) Matsskýrsla þarf að innihalda upplýsingar úr fyrirliggjandi heimildum hver er vaxtarhraði kalkþörungum, svo skýrara sé hverjar séu líkur á endurnýjun kalkþörungasetisins.